

FFR**FÉLAG FORSTÖÐUMANNA RÍKISSTOFNANA**

Kjara- og mannauðssýsla ríkisins
Sölvhólgötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 3. maí 2018

Efni: Almenn hækkun launa forstöðumanna ríkisstofnana

Með lögum nr. 130/2016, sbr. lög nr. 37/2017 og lög nr. 95/2017, var gerð breyting á lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og í stað kjararáðs er það ráðherra sem ákvarðar laun forstöðumanna ríkisstofnana.

Í 1. mgr. 39. gr. a laga nr. 70/1996 segir að við ákvörðun kjara samkvæmt greininni skuli sérstaklega gæta samræmis við þau kjör hjá ríkinu sem byggjast á kjarasamningum og að ætíð skuli taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Í þágildandi 8. gr. laga nr. 47/2006, um kjararáð, sagði að kjararáð skyldi ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Forstöðumenn ríkisstofnana fengu síðast úrskurð um almenna hækkun launa frá og með 1. júní 2016, nánar tiltekið hækkun um 7,15%. Forstöðumenn fengu ekki almenna hækkun á árinu 2017 þrátt fyrir miklar breytingar á mánaðarlegri launavísitölu Hagstofu Íslands. Rétt er að benda á að kjararáð fékk sjálft 7,3% almenna launahækkun á árinu 2017, en laun kjararáðs höfðu síðast hækkað sumarið 2016.

Hvað varðar grunnröðun starfa þá er nú unnið að nýju verklagi í samstarfi kjara- og mannauðssýsla ríkisins og Félags forstöðumanna ríkisstofnana. Ljóst er að það getur tekið einhvern tíma. Engu að síður er ástæða til að benda á að ráðuneytisstjórar, skrifstofustjórar og biskup Íslands hafa á árinu 2016 fengið hækkun á grunnröðun starfa.

Að ofangreindu virtu er ljóst að það er mjög áriðandi að forstöðumenn hljóti almenna launahækkun eins og aðrir hópar í samfélaginu hafa fengið undanfarin 2 ár.

Stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana óskar hér með eftir því að kjara- og mannauðssýsla ríkisins svari því hvort ráðherra hyggist uppfylla þær lagalegu skyldur sem á ráðherra hvíla skv. 39. gr. a laga nr. 70/1996, og úrskurða um almenna launahækkun til handa forstöðumönnum og hvenær megi vænta slíkrar hækkunar.

Virðingarfyllt



Björn Karlsson
Formaður Félags forstöðumanna ríkisstofnana
Hverfisgötu 105
101 Reykjavík